

GREINARGERÐ UM STARFSTILHÖGUN FJALLSKILA

Um smölun heimalanda og úrtíning til og frá réttum.

Hver ábúandi er skyldur að hafa aðstöðu til innrekstrar og sundurdráttar á því fé sem úr hans heimalandi kemur. Skal hann sjá um sundurdrátt á því fé sem á að ganga til réttar, svo úrtíningsmenn geti gengið að fénu án tafa. Bílfært sé að geymsluhólfi úrtínings. Það er ekki æskilegt að fé af nágrannabæjum sé flutt til réttar, slíkt veldur óþarfa þvælingi á fé og er mælst til þess að ábúendur og fjáreigendur sjái til þess að það þurfi ekki að verða nema í litlu mæli.

Fjallskiladeild sér um flutning á úrtíningi til fyrstu og annarar réttar og svo utansveitar fé úr þriðju heimalandasmölun.

Fjáreigandi sér um sitt fé, af þeirri rétt sem hann á sókn til.

Úrtíningsmenn sækja fé á þverár rétt og Fótar rétt. Skulu þeir flytja féð til réttra eigenda, allt að einni kind. Er nóg að sleppa fé í girðingar við veginn til að spara akstur. Fjallskiladeild sér ekki um flutning á úrtíningsfé á milli gangna, né eftir að réttum er lokið, öðru en utansveitarfé, til eða frá.

Þar sem aðeins eru auglýstar á gangnaseðli tvennar smalanir á heimalöndum, er áhersla lögð á að allir sinni því af vandvirkni, jafnt ógirt land sem afgirt, ef fjár er von.

Fjallskilastjóri áskilur sér rétt til að boða fleiri smalanir ef tvennar leitir að hausti duga ekki.

Ef fé finnst í heimalöndum eftir að smölun er lokið og það megi rekja til þess að illa eða ekki hafi verið smalað, skal viðkomandi bóndi sjá til þess að það komist til réttra eigenda.

FJALLSKILASTJÓRI



Fjalliskil í Tungudeild haustið 2021

Heimili	Vetrar fóðrað Fjár- tala	Gangna- kostn. á kind 650	BLEIKSMÝRARDALUR				AUSTURDALIR				Bæjar- rekstur 1.g 2g	Bíla- kostn.	Skuld
			Vestur Sandar og Miðpartur 1.g 2.g	Austur Bleiksm.d 2.g	Skarðs- dalur 1.g 2.g	Timburvalla- dalur 1.g	Hjaltadalur 1.g 2.g	Belgsárdalur 1.g 2.g					
Brúnagerði	69	44.850		20.000				20.000					4.850
Steinkirkja	41	26.650											26.650
Veturliðastaðir	23	14.950								10.000			4.950
Hróarsstaðir	59	38.350									10.000		28.350
Nes	22	14.300											14.300
Hrisgerði	154	100.100	30.000	20.000	20.000								30.100
Kambsstaðir	306	198.900	90.000	40.000	20.000							30.000	18.900
Birkihlíð	11	7.150											7.150
Háls	204	132.600						20.000	20.000	20.000			72.600
Tungudeild								40.000					
Bárðardalur							40.000						
Samtals	889	577.850	120.000	60.000	20.000	20.000	40.000	60.000	20.000	20.000	10.000	10.000	207.850

Tilhögun fjallskila haustið 2021

Bleiksmýrardalur og Skarðsdalur:
Fyrstu göngur verða 3.- 4. september
Réttað á Reykjum 5. september.
Aðar göngur verða 2.-3. október

Timburvalladalur:

Fyrstu göngur 11.-12.. sept.
Aðrar göngur verða 2.-3. okt.

Hjaltadalur:

Smalaður 18. sept.

Heimalönd í Vaðlaheiði, Illugstöðum og Sellandi.
Smalað verður 11. september og aftur 25. september.
Reykjafjall verður smalað 12. september.
Heimalönd austan Fnjóskár suður að Belgsá:
Smalað verður 11. september.
Önnur smölun 25. sept.

Skuldir eru með gjalddaga 1. des. 2021 og óskast greiddar fyrir 15. des. 2021.
Reikningur 1110-26-113131 - kennitala 6211861169

Gagnastjórar verða:
Á Bleiksmýrardal maður frá Kambsstöðum og bíll.
Timburvalladalur, Hermann R: Herbertsson
Hjaltadalur, Hermann R: Herbertsson
Gagnastjórar ákveða brottfarartíma.

Um úrtíning úr Bárðardal í fyrstu og öðrum göngum sér Hermann R. Herbertsson
Um úrtíning úr Eyjafirði í fyrstu og öðrum göngum sér Haukur Þórhallson
Eins og gangnaseðillinn ber með sér er dagsverkið metið á 10.000 kr., sem er:
Austurdalagöngur 2 dagsverk og Sandagöngur 3 dagsverk (2 dagsverk aðrar göngur).
Önnur gangnasvæði eru 1 dagsverk.

Með ósk um gott samstarf og góða ferð í göngurnar.

Hermann R. Herbertsson
Ingvar H. Kristjánsson
Ásgeir Sigurðsson